

b. Nýr liður, 12.14 (3), orðist svo:

(3) **Gildistaka:** Ákvæði liðar 12.14 (2) gildir frá 31. desember 2002.

5. gr.

19. gr. breytist þannig:

Nýr liður, 19.30 (4), orðist svo:

(4) **Gildistaka:** Liður 19.30 (2) vísar frá 1. júní 2002 til tilskipunar 2001/3/EB.

6. gr.

22. gr. breytist þannig:

a. Í stað „2,50 m“ í lið 22.11 (4) komi 2,55 m.

b. Í stað „2,50 m“ í lið 22.30 (6) komi 2,55 m.

7. gr.

Viðauki III breytist þannig:

Undir Dráttarvélar:

a. Í reitinn „Síðari viðbætur“ við tilskipun 74/150/EBE bætist: 2001/3/EB.

b. Í reitinn „Síðari viðbætur“ við tilskipun 75/322/EBE bætist: 2001/3/EB.

8. gr.

Viðauki IV breytist þannig:

Undir Dráttarvélar:

Við 1. tölul. (tilskipun 74/150/EBE) bætist ný lína:

2001/3/EB L028 30.01.01 *** 104/2001

Við 7. tölul. (tilskipun 75/322/EBE) bætist ný lína:

2001/3/EB L028 30.01.01 *** 104/2001

9. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 60. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, svo og með hliðsjón af I. og II. kafla II. viðauka við EES-samninginn, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 31. október 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUR

um Rannsóknþjónustu Háskólans.

1. gr.

Almennt.

Rannsóknþjónusta Háskólans er þjónustustofnun starfrækt af Háskóla Íslands og heyrir beint undir háskólaráð.

2. gr.
Hlutverk.

Hlutverk stofnunarinnar er:

- a. að rækta tengsl Háskóla Íslands og atvinnulífs á vettvangi rannsókna, nýsköpunar og starfsmenntunar og styðja þannig við rannsóknir og kennslu við Háskóla Íslands,
- b. að kynna rannsóknáætlanir og möguleika kennara og sérfræðinga Háskólans á rannsóknastyrkjum,
- c. að aðstoða kennara og sérfræðinga við gerð umsókna, fylgjast með framgangi þeirra og sjá um umsýslu fjármuna, sé þess óskað,
- d. að veita háskólamönnum upplýsingar um þá stoðþjónustu sem veitt er nýsköpunarfyrtækjum og frumkvöðlum á Íslandi varðandi einkaleyfi, þróunarstyrki og áhættufé,
- e. að reka þjónustuverkefni sem styrkja aðra starfsemi Rannsóknþjónustunnar.

Ennfremur að sinna eftirfarandi verkefnum fyrir aðila utan Háskóla Íslands, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar og í samráði við rannsóknasvið Háskólans:

- f. að veita íslenskum fyrirtækjum upplýsingar um hagnýtar rannsóknir innan Háskóla Íslands og aðstoða íslensk fyrirtæki við að komast í samstarf við starfsmenn Háskólans um sameiginleg rannsóknaverkefni og styrkjaumsóknir,
- g. að reka Tæknigarð, sem aðstöðu fyrir sprotafyrirtæki úr Háskóla Íslands eða annars staðar frá,
- h. að reka Tæknipróunarsjóð, sem hefur það verkefni að fjárfesta í sprotafyrirtækjum sem eiga uppruna sinn í Háskóla Íslands,
- i. að reka þjónustuskrifstofur og einstök verkefni fyrir innlenda og erlenda aðila sem styrkja samstarf Háskólans við íslenskt atvinnulíf og alþjóðlegt rannsókna- og þróunarumhverfi.

3. gr.
Aðstaða.

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem nánar er kveðið á um í þjónustusamningi um verkefni Rannsóknþjónustunnar sem unnin eru í þágu Háskóla Íslands.

Stofnunin veitir starfsliði sínu skv. 7. gr. aðstöðu og nauðsynlegan búnað til starfseminnar eftir því sem unnt er.

4. gr.
Stjórn.

Háskólaráð skipar Rannsóknþjónustunni sex manna stjórn til tveggja ára í senn að fengnum tilnefningum frá háskólarektor og Samtökum atvinnulífsins. Rektor tilnefnir þrjá stjórnarmanna og skal framkvæmdastjóri rannsóknasviðs Háskólans vera einn þeirra. Samtök atvinnulífsins tilnefnir þrjá stjórnarmanna og skulu tilnefningarnar eftir því sem kostur er tengjast iðnaði, sjávarútvegi og þjónustu.

Stjórnin kys sér formann úr hópi þeirra sem tilnefndir eru af háskólarektor og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

5. gr.
Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundir bréflega, eða í tölvupósti, og með hæfilegum fyrirvara. Fundarboð skal greina frá dagskrá fundar.

Skýlt er að boða stjórnarfund óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef

rektor ber fram slíka ósk og hefur þá hann, eða sá sem sækir fundinn í umboði hans, málfrelsi og tillögurétt á fundinum.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu senda rektor.

Forstöðumaður situr stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

6. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórnin markar stefnu og fjallar um öll meiriháttar mál, samþykkir rekstraráætlanir og gjaldskrá fyrir selda þjónustu. Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

7. gr.

Forstöðumaður og starfsmenn.

Rektor ræður stofnuninni forstöðumann að fengnum tillögum stjórnar og setur honum erindisbréf að tillögu stjórnar. Skal sá sem ráðinn er forstöðumaður hafa meistaraþróf eða annað sambærilegt háskólaþróf.

Forstöðumaður stjórnar daglegum rekstri stofnunarinnar, annast áætlanagerð, fjármál og starfsmannamál og sér að öðru leyti um framkvæmd á þeim málum, sem stjórnin felur honum.

Forstöðumaður er í starfi sínu ábyrgur gagnvart stjórn og rektor.

8. gr.

Fjármál.

Tekjur stofnunarinnar eru:

- tekjur af þjónustu sem seld er utan og innan skólans,
- tekjur af rekstri tæknigarða,
- framlög fyrirtækja og stofnana í atvinnulífi,
- styrkir sem stofnunin og starfsmenn hennar afla úr rannsóknasjóðum til rannsóknaverkefna,
- aðrar tekjur svo sem gjafir og framlög eftir því sem kveðið kann að vera á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

9. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 26. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 25. október 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinnsson.